


**Svavar Alfreð Jónsson** er fæddur á Akureyri árið 1960. Hann varð stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri. Guðfræði las hann í Háskóla Íslands og við Kirchliche Hochschule Bethel í Bielefeld í Þýsklandi. Kandídatsprófi í greininni lauk hann árið 1986 og stundaði framhaldsnám í henni við háskólann í Göttingen í Þýskalandi á árunum 1992-1994.

Svavar var sóknarprestur í Ólasfjarðarprestakalli frá 1986 og héraðsprestur í Eyjafjarðarprófastsdæmi 1995. Hann er nú sóknarprestur í Akureyrarprestakalli. Svavar hefur ort bæði sálma og ljóð. Fyrir nokkrum árum samdi hann messusöngleikinn Leiðina til lífsins fyrir Kirkjulistaviku. Hann er áhugaljósmyndari og hefur haldið tvær einkasýningar með myndum af eyfirskum fossum. Í haust opnar hann þá þriðju í Bochum í Þýskalandi.